

Rauðbrystingur í Barðastrandarsýslum 2006-2007

Unnið fyrir Vegagerðina

Böðvar Þórisson
og
Þorleifur Eiríksson

Febrúar 2008
NV nr. 1-08

ÚTDRÁTTUR

Vegna fyrirhugaðrar vegaf framkvæmdir frá Þingmannaá í Vatnsfirði að slitlagsenda í Vattarfirði voru rauðbrystingar athugaðir að vori til ásamt því að skrá aðra fugla í leiðinni.

Af tæpum 270 þúsund rauðbrystingum (*Calidris canutus*) sem fara um Ísland koma um 65% við í Breiðafirðinum. Margir innfirðir Breiðafjarðar eru með um eða meira en 1% af tiltekinni tegund.

Í Kerlingarfirði heldur rauðbrystingur sig aðallega við Hjalley og er hann þar bæði í æti og í hvíld (flóðsetri). Í botni Kerlingarfjarðar eða við mynni Mjóafjarðar er rauðbrystingur í hvíld (flóðsetri) við Kofhólma. Hann sést þar stundum í æti en þá litlir hópar. Í botni Mjóafjarðar sjást stundum hópar í hvíld á eyrinni eða í æti. Samtals hafa sést um 4000 rauðbrystingar í Kerlingar- og Mjóafirði til samans og eru þá flestir eða um helmingur þeirra í hvíld.

Vorið 2003 sáust a.m.k. 4000 rauðbrystingar í Kjálkafirði (tafla 1) og voru þeir dreifðir um fjörðinn þó mest frá Deildará og inn í botn og svo við Auðshaug. Vorið 2006 og 2007 var rauðbrystingurinn ekki eins dreifður og hélt sig nær eingöngu fyrir innan Deildará og á svæði við Auðshaug á Hjarðarnesi. Um 3000 rauðbrystingar héldu sig í Kjálkafirði og við Auðshaug.

Mest sáust rétt rúmlega 1300 fuglar fyrir innan Hörgsnes í Vatnsfirði 2006 og 2007.

Kjálkafjörður er með meira en 1% af stofni rauðbrystinga sem fer um Ísland og eru flestir fuglarnir í innri hluta fjarðarinnar. Kerlingarfjörður og mynni Mjóafjarðar hafa meira en 1% af stofni rauðbrystinga en innsti hluti Mjóafjarðar er þó lítið notaður. Vatnsfjörður hefur einnig meira en 1% en svæðið innan Hörgsnes nær þó einungis um 0,5% að hámarki í talningum NV.

Firðirnir hafa allir alþjóðlegt gildi fyrir votlendisfugla samkvæmt Ramsar samningi en svæðin innan þeirra eru mis mikilvæg eins og áður hefur verið lýst.

Vegagerð innarlega í Mjóafirði mun hafa lítil sem engin áhrif á fæðuöflun rauðbrystinga í firðinum. Í Kjálkafirði mundi vegagerð utan við hólmann líklega hafa minni áhrif á fæðuöflun rauðbrystinga en þverun yfir hólmann eða rétt innan við hann.

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR	2
EFNISYFIRLIT	3
INNGANGUR	4
Rannsóknarsvæði	4
AÐFERÐIR	5
NÐURSTÖÐUR	6
Rauðbrystingur í Kerlingar- og Mjóafirði	9
Rauðbrystingur í Kjálkafirði	10
Rauðbrystingur í Vatnsfirði	11
Síðsumars	11
Verndarákvæði	12
UMRÆÐUR	13
Vegagerð	14
Pakkir	14
HEIMILDASKRÁ	15

INNGANGUR


Fyrirhugaðar eru vegaframkvæmdir frá Þingmannaá í Vatnsfirði að slitlagsenda í Vattarfirði. Kerlingarfjörður (Mjóifjörður) og Kjálkafjörður verða þveraðir.

Af tæpum 270 þúsund rauðbrystingum (*Calidris canutus*) sem fara um Ísland koma um 65% við í Breiðafirðinum (Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1991). Margir innfirðir Breiðafjarðar eru með um eða meira en 1% af tiltekinni tegund (sjá t.d. Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1991; Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2005).

Með tilliti til mikilvægi Breiðafjarðar fyrir rauðbrysting gerði Náttúrustofa Vestfjarða (NV) athuganir á rauðbrystingi í vor- og haustfari á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og á nærliggjandi svæðum til viðmiðunar á árunum 2006 og 2007.

Rannsóknarsvæði

Í Vatnsfirði var talið við Flókalund (1), Smiðjuneslaug (2), Uppsali (3) og Hörgsnes (4). Frá Smiðjuneslaug og/eða Uppsölum er hægt að sjá flesta rauðbrystinga í botni fjarðarins. Talningarstaðina má sjá á mynd 1.



Mynd 1. Vatnsfjörður, Kjálkafjörður, Kerlingarfjörður og Mjóifjörður. Talningarstöðvar.

1) Flókalundur, 2) Smiðjuneslaug, 3) Uppsali, 4) Hörgsnes, 5) Á mótis við Akurey, 6) Auðshaugur, 7) Hólmasker, 8) Botn Kjálkafjarðar (Deildará), 10) Hjalley, 11) Botn Mjóafjarðar, 12) Kofhólmar.

Kjálkafjörður er vestan við Kerlingarfjörð og nær rannsóknarsvæðið frá Litlanesi og að Akurey rétt vestan við Auðshaug á Hjarðarnesi. Helstu talningarsvæðin eru frá Deildará og inn í botn (8) og frá Hólmaskeri að Akurey við Auðshaug (5-7).

Kerlingarfjörður er vestan við Skálmarnes og gengur inn úr honum Mjóifjörður. Í botni Kerlingarfjarðar er Eiði sem er á milli fjarðarins og Vattarfjarðar (Jóhann Skaptason 1959). Helstu talningarsvæðin í fjörðunum (sjá mynd 1) eru: Hjalley (10), Kofhólmar (12) og botn Mjóafjarðar (11). Hjalley er í Kerlingarfirði og Kofhólmar er í botni fjarðarins eða við mynni Mjóafjarðar. Talningarsvæðið Kofhólmar nær frá Eiðshúsaá og að Eiði og fylgir það með Mjóafirði í þessari skýrslu.

Þessir tólf talningarstaðir (mynd 1) voru valdir vegna þess að þar var mest af rauðbrystingi. Á milli svæðanna var mun minna af rauðbrystingi eða sáust ekki vel frá vegi eins og við Fossá í Vatnsfirði.

AÐFERÐIR

Lögð var áhersla á að telja rauðbrysting en einnig voru taldar aðrar tegundir þegar því var komið við.

Athuganir á tveimur leirum við Reykjavík 1980-81 sýndu að það voru tveir toppar í fjölda rauðbrystinga í maí og báðir í kringum stórstraum. Einnig sýndu athuganir að toppur í fjölda rauðbrystinga er seinni á Vestfjörðum en við Reykjavík (Arnþór Garðarsson o.fl. 1980; Arnþór Garðarsson og Ólafur Karl Nielsen 1989). Athuganir Náttúrustofu Vestfjarðar beindust því að telja í kringum stórstraum í maí þó aldrei fyrr en um miðjan mánuð.

Athuganir voru gerðar 15-16. maí 2006 og 14-16. maí 2007. Lögð var áhersla að telja fugla við fæðuöflun en einnig var talið á flóðsetri þegar því var komið við.

Fjörur í fjörðunum sjást nokkuð vel frá veginum og var því að mestu talið úr bíl. Það hentar vel að telja úr bíl þar sem hægt er að telja nánast alla rauðbrystinga í Kjálka- og Kerlingarfirði á stuttum tíma. Heildartalningar með þessu móti ættu að vera sambærilegar við talningar 1990 sem voru gerðar úr flugvél (Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1991). Í Vatnsfirði var einungis talið við og fyrir innan Hörgsnes og eru þær talningar því ekki eins yfirgripsmiklar og voru í fluginu 1990 (Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1991).

Gengið var í vestanverðum Kjálkafirði, frá Langanesi að botni fjarðarins, til að athuga hvort einhver mikilvæg svæði sæjust ekki frá vegi.

Þann 16. maí var talið á útfalli innanlega í Kjálkafirði. Taldir voru rauðbrystingahópar sem flugu framhjá talningarmanni og skráðir hvort þeir voru á inn- eða útleið. Talið var í tæpa tvo tíma.

Notaðir voru sjónaukar (Pentax 8*42, leica 8*32), telescope (20*60 og 15-45*60) og GPS staðsetningartæki.

NIÐURSTÖÐUR

Í töflu 1 eru talningar Náttúrustofu Vestfjarða (NV) frá maí 2003 (Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2003) til 2007. Einnig eru talningar frá 1979 (Arnþór Garðarsson 1980), 1985 (Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson 1986), 1987/8 (Guðmundur A. Guðmundsson o.fl. 1991) og talningar úr lofti 1990 (Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1991).

Tafla 1. Talningar á rauðbrystingum á Vestfjörðum í maí á árunum 1979 til 2007.

Staður	Rauðbrystingur								
	1979	1985	1987/8	1990	2003	2004	2005	2006	2007
Skutulsfj.					200				
Önundarfj.	10	69			246	1200	1000	500	310
Dýrafj.	2200	205			2000	2130		837	2328
Borgarfj.					80	400		870	188
Vatnsfj.			5000	6390	630	150		674	1326
Kjálkafj.				3300	4082			3420	3460
Kerlingarfj.				1145	142			1833 ^A	2360
Mjóifj.					0			2175 ^A	1190
Vattarfj.					0				490
Skálmafj.				1070	500				1750
Kvígindisfj.				0	6				4
Kollafj.				0	898				1183
Skálanes ^B				343	300				1057
Gufufj. ^C				3300	2000				1241
Djúpifj.				1000	944				497
Þorskafj.				1800	160 ^D				160 ^D
Berufj.				7000	5212				3980
Króksfj.				4000	545				800

^A Flóðsetur, fuglar í hvíld.

^B Melanes í Gufufirði að Skálanesi meðtöldu.

^D Kinnarstaðir við Þorskafjörð.

^C Gufufjarðarbotn að Melanesi.

Í Skutulsfirði eru rauðbrystingar inn við botn fjarðarins en einnig út á Arnarnesi. Það sjást alltaf einhverjir rauðbrystingar á hverju vori en líklega eru þetta oftast um 200 fuglar.

Í Önundarfirði heldur rauðbrystingur sig aðallega á Holtsodda, við Vaðal og Tannanes.

Í Dýrafirði er talið nær eingöngu fyrir innan Þingeyri og Lækjarós en ekki var farið inn fyrir Lambadalseyri 2006 og 2007.

Í Borgarfirði í Arnarfirði eru rauðbrystingar aðallega á svæði við Hofsárós.

Í Breiðafirði taldi NV daganna 13.-15. maí 2003, 15.-16. maí 2006 og 14-16. maí 2007.

Talningar NV í Vatnsfirði eru frá Hörgnesi og inn í fjarðarbotn og út að Pennuá að vestan. Talið var í firðinum öllum í flugtalningunni 1990 (Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1991). Vorin 1987 og 1988 voru um 5000 rauðbrystingar frá Fossá að botni fjarðarins (Guðmundur A. Guðmundsson o.fl. 1991). Vorið 2004 var aðeins talið við Flókalund.

Kjálkafjörðurinn var talinn allur og er svæði við Auðshaug á Hjarðarnesi látið fylgja með honum.

Í Mjóafirði (tafla 1) eða við mynni Mjóafjarðar var rauðbrystingur í hvíld við Kofhólma en lítið var af honum innarlega í firðinum.

Í maí 2004 var einnig athugað á eftirtöldum stöðum (fjöldi í sviga): Rauðisandur (2500), undan Skersmúla við Patreksfjörð (20), Sveinseyri í Tálknafirði (800), Bíldudalur (1000), Reykjafjörður í Arnarfirði (70), Auðkúla í Arnarfirði (500).

Í töflu 2-4 má sjá fjölda fugla eftir tegundum (nema rauðbrysting) frá Vatnsfirði að Eiði í Vattarfirði í maí 2006 og 2007. Þetta voru fuglar sem voru í fjörunni, á skerjum og sjónum. Ef tegund var skráð en ekki fjöldi þá er sett “x” fyrir hana í töflunum.

Tafla 2. Fjöldi fugla eftir tegundum í maí 2006 og 2007 innan Hörgness í Vatnsfirði.

Tegund	Latneskt heiti	Dagsetningar	
		15.-16.05.06	14. og 16.05.07
Himbrimi	<i>Gavia immer</i>	2	
Toppskarfur	<i>Phalacrocorax aristotelis</i>	1	
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>	36	2
Grágæs	<i>Anser anser</i>	3	4
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	2	2
Æður	<i>Somateria mollissima</i>	168	109
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>	10	
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>	5	1
Örn	<i>Haliaeetus albicilla</i>		1
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	50	37
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>		1
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	11	22
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>	60	1
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	x	x
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	1	
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	1	
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	10	19
Tildra	<i>Arenaria interpres</i>	110	77
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>	18	
Kría	<i>Sterna arctica</i>	49	51
Svarbakur	<i>Larus marinus</i>	1	2
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>	10	
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	x	x

Skógarpröstur	<i>Turdus iliacus</i>	x	x
Steindepill	<i>Oeanthe oeanthe</i>	x	x
Maríuerla	<i>Motacilla alba</i>	1	1
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	2	
Samtals		551	330
Fjöldi tegunda		26	19

Flestar álfir voru við ós Pennuár og vestan við hana. Æðarfugl var í mestum fjölda við Helluhólma og innan við hann. Tildra og sendlingur héldu sig aðallega á svæðum neðan Flókalunds og Smiðjuneslaugar (tafla 2).

Tafla 3. Fuglar við Auðshaug og innarlega í Kjálkafirði í maí 2006 og 2007.

Tegund	Latneskt heiti	Dagsetningar	
		15.-16.05.06	14. og 16.05.07
Dílaskarfur	<i>Phalacrocorax carbo</i>	1	
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>	1	
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	3	
Æður	<i>Somateria mollissima</i>	151	
Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>	1	
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>	3	
Fálki	<i>Falco rusticolus</i>		1
Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>		1
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	14	4
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	2	
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	44	15
Lóupræll	<i>Calidris alba</i>	1	
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>	31	9
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	4	
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	1	
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	7	8
Tildra	<i>Arenaria interpres</i>	105	100
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>	1	
Kría	<i>Sterna arctica</i>		1
Svarbakur	<i>Larus marinus</i>	1	
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>	1	5
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	x	x
Skógarpröstur	<i>Turdus iliacus</i>	x	x
Maríuerla	<i>Motacilla alba</i>	2	
Músarindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>	1	
Hrafn	<i>Corvus corax</i>		
Samtals		373	144
Fjöldi tegunda		21	11

Æðarfugl var dreifður um Kjálkafjörðinn en þó mest af honum innarlega. Tildra var í mestum fjölda inni í botni fjarðarins (tafla 3).

Tafla 4. Fjöldi fugla í Mjóa- og Kerlingarfirði maí 2006 og 2007.

Tegund	Latneskt heiti	Dagsetningar	
		15.-16.05.06	16.05.07
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>		2
Grágæs	<i>Anser anser</i>	3	
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	1	1
Æður	<i>Somateria mollissima</i>	200	33
Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>		2
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>	2	
Örn	<i>Haliaeetus albicilla</i>	1	
Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>		1
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	64	10
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	1	
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	1	
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>	20	2
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	x	x
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	2	
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	6	2
Tildra	<i>Arenaria interpres</i>	88	38
Kría	<i>Sterna arctica</i>		4
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>		1
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>		x
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>		x
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	1	
Samtals		390	96
Fjöldi tegunda		14	14

Fuglar voru aðallega taldir innarlega í Mjóafirði (tafla 4) en t.d. rjúpa og örn sáust í Kerlingarfirði.

Rauðbrystingur í Kerlingar- og Mjóafirði

Í Kerlingarfirði hélt rauðbrystingur sig aðallega við Hjalley og var hann þar bæði í æti og í hvíld (flóðsetri). Í botni Kerlingarfjarðar eða við mynni Mjóafjarðar var rauðbrystingur í hvíld (flóðsetri) við Kofhólma. Hann sást þar stundum í æti en þá litlir hópar. Í botni Mjóafjarðar sáust stundum hópar í hvíld á eyrinni eða í æti.

Samtals hafa sést um 4000 rauðbrystingar í Kerlingar- og Mjóafirði til samans og eru þá flestir eða um helmingur þeirra í hvíld.

Í töflu 5 eru talningar á rauðbrystingum á þrem aðal svæðum í Kerlingar- og Mjóafirði. Gefin er upp athugunartími ásamt tíma á fjöru og flóði við Flatey.

Tafla 5. Tímatafla fyrir fjöru/flóð og talningar á rauðbrysting í Kerlingar- og Mjóafirði. Fjara/flóð er á svipuðum tíma Kerlingarfirði og við Flatey. Bandstrik merkir að ekki hafi verið talið.

Dags	Flatey		Ath.tími	Fjöldi			Samt.
	Fjara	Flóð		Hjalley	Botn	Kofhólmar	
15.05.2006	14:15	20:30	17:04-17:21	1500	158	2	1660
16.05.2006	14:53	8:49	9:36-10:09	1833	25	2150	4008
16.05.2006	14:53	8:49	12:57-13:14	720	300	0	1020
14.05.2007	11:05	17:14	15:04	2360	-	-	2360
14.05.2007	11:05	17:14	16:45	-	-	1190	1190
16.05.2007	12:32	18:43	12:44-13:11	150	320	220	690

Við Hjalley í Kerlingarfirði var rauðbrystingur í fæðuöflun fram undir háflóð en flutti sig síðan upp á nálæg sker. Stærsti hluti af rauðbrystingahópnum hélt sig á þessu svæði yfir háflóðið en færði sig síðan utar eða í aðra firði þegar leiran kom upp.

Á fjörunni voru um 700 fuglar að éta í Kerlingar- og Mjóafirði en á flóði voru um 4000 fuglar í hvíld (tafla 5).

Rauðbrystingur í Kjálkafirði

Vorið 2003 sáust a.m.k. 4000 rauðbrystingar í Kjálkafirði (tafla 1) og voru þeir dreifðir um fjörðinn en þéttastir voru þeir við Skiptá og innar. Einnig voru stórir hópar við Auðshaug. Vorið 2006 og 2007 var rauðbrystingurinn ekki eins dreifður og hélt sig nær eingöngu við og fyrir innan Skiptá og á svæði við Auðshaug á Hjarðarnesi (tafla 6).

Tafla 6. Tímatafla fyrir fjöru/flóð og talningar á rauðbrystingum í Kjálkafirði. Flóð/fjara er á svipuðum tíma í Kjálkafirði og við Flatey.

Dags	Flatey		Ath.tími	Fjöldi			Samt.
	Fjara	Flóð		Auðsh.	Botn	Annað	
15.05.2006	14:15	20:30	15:00-15:45	1563	870	-	2433
15.05.2006	14:15	20:30	16:21-16:53	2290	150	350*	2790
16.05.2006	14:53	21:11	14:26-14:56	2300	1120	0	3420
16.05.2006	14:53	8:49	15:30-16:10	1100	1935	0	3035
14.05.2007	11:05	17:14	14:16-14:38	3350	0	110**	3460
16.05.2007	12:32	18:43	13:15-14:05	1310	1486	250**	3046

* Við Skeiðnes.


** Frá Skarði og að botni.

*** Deildará að Hrauni rétt innan við Litlanes.

Í fyrri talningunni 15. maí 2006 (tafla 6) var talið við Hólmasker en ekki fyrir neðan Auðshaug og að Akurey. Í seinni talningunni var talið frá Hólmaskeri að Akurey og voru 790 fuglar frá Auðshaug að Akurey og 1500 við Hólmasker. Líklega eru tölur í fyrri talningunni of lágar en fjöldi var sá sami við Hólmasker í fyrri og seinni talningunni.

Þann 16. maí 2006 voru taldir rauðbrystingar rétt innan við Skiptá. Taldir voru rauðbrystingar sem flugu framhjá athugenda, hvort sem þeir voru á leið inn eða út

fjörðinn. Um 150 fuglar voru fyrir innan athugenda þegar talningin hófst en 1014 þegar henni lauk (mynd 2).



Mynd 2. Fjöldi rauðbrystinga í botni Kjálkafjarðar á tímameiningu.

Rauðbrystingur í Vatnsfirði

Talið var við Hörgsnes og fyrir innan nesið. Svæðunum var skipt gróft í þrjú svæði: Hörgsnes (Hörgsnes-Uppsalir), botn (Uppsalir-Smiðjuneslaug) og Flókalundur (Flókalundur-Penna).

Tafla 7. Tímatafla fyrir fjöru/flóð og talningar á rauðbrystingum í Vatnsfirði.

Dags	Flatey		Ath.tími	Fjöldi			Samt.
	Fjara	Flóð		Hörgsnes	Botn	Flókal.	
15.05.2006	14:15	20:30	12:36-14:00	-	487	187	674
16.05.2006	14:53	8:49	13:37	400	-	-	400
14.05.2007	11:05	17:14	13:50-14:30	-	269	79	348
16.05.2007	12:32	18:43	14:20-14:35	396	930	-	1326

Mest sáust rétt rúmlega 1300 fuglar fyrir innan Hörgsnes (tafla 7).

Við Hörgsnes var talið frá 11:45 til 14:15 þann 16. maí 2006. Á þeim tíma voru 100-400 fuglar við fæðuöflun. Fuglahópar komu og settust en nokkrir héldu áfram inn í botn. Sást a.m.k. einn 100 fuglahópur á flugi í átt að botni fjarðarins. Botn fjarðarins var ekki athugaður á sama tíma en það má reikna með að um 2-300 fuglar hafi verið þar á sama tíma og 400 fuglar voru við Hörgsnesið.

Síðsumars

Mun færri rauðbrystingar sjást síðsumars en um vorið og eru þeir fyrstu að sjást í byrjun júlí. Á leirunni í Kópavogi voru t.d. 2310 rauðbrystingar þann 4. maí 1980 en 31 fugl

Þann 31. júlí sama ár og síðasti fuglinn sást 8. september (Arnþór Garðarsson og Ólafur Karl Nielsen 1989).

Í talningum NV 2003 sáust aðeins 205 rauðbrystingar í Gufufirði þann 13. ágúst en um vorið voru þar um 2000 fuglar (Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2005). Engir rauðbrystingar sáust í Djúpa- og Kollafirði í ágúst sama ár.

Í Vatnsfirði 5. ágúst 1979 sáust tveir rauðbrystingar (Arnþór Garðarsson o.fl. 1980).

Talin var ströndin og fuglar á sjó frá Vatnsfirði að Eiði í Mjóafirði þann 9. september 2006. Enginn rauðbrystingur sást og lítið var af tildru (tafla 8).

Tafla 8. Fuglar í Vatns-, Kjálka- og Mjóafirði 9. september 2006.

Tegund	Latneskt heiti	Svæði	Vatnsfjörður	Kjálkafjörður	Mjóifjörður
Skarfur	<i>Phalacrocorax sp.</i>		1		
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>		2		2
Grágæs	<i>Anser anser</i>			84	
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>		33	25	15
Æður	<i>Somateria mollissima</i>		257	188	72
Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>			1	
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>		17	8	10
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>		3	25	
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>		24	8	
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>			4	1
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>		20	63	27
Tildra	<i>Arenaria interpres</i>		1	2	12
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>		8	24	15
Svarbakur	<i>Larus marinus</i>		14	1	1
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>		31	6	2
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>				3
Músarindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>				1
Hrafn	<i>Corvus corax</i>		2		
Samtals			413	439	161
Fjöldi tegunda			13	13	12

Í Kjálkafirði voru grágæsirnar við Torfnæs sem er utarlega í Kjálkafirði að vestan en annars var talið fyrir innan Deildará (tafla 8).

Verndarákvæði

Núverandi vegur er á svæðum (Vatns-, Kjálka- og Kerlingarfjörður) sem eru á Náttúruminjasrá (Náttúruverndarráð 1996) en einnig lýtur Breiðafjörðurinn sérstakar verndar samkvæmt lögum nr. 53/1995.

Breiðafjörður hefur ekki verið tilnefndur á skrá Ramsar samnings (Ramsar Convention. 1971) af hálfu Ísland en uppfyllir þó öll skilyrði hans. Markmið samningsins er að „...vernda votlendissvæði sem eru fyrst og fremst búsvæði votlendisfugla. Vernda skal öll svæði sem hafa alþjóðlegt gildi fyrir votlendisfugla. Svæði telst hafa alþjóðlegt gildi ef þar halda sig að jafnaði 20.000 fuglar af tiltekinni tegund eða hið minnsta 1% fugla af tiltekinni tegund eða undirtegund“ (Norræna Ráðherranefndin 2006).

UMRÆÐUR

Töluverður munur er á tölum í Vatnsfirði frá könnuninni 1990 (Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson 1991) og athugunum NV en hún skýrist að mestu leyti að svæðið náði frá Fossá að Brjánslæg vorið 1990 en frá Hörgsnesi að Flókalundi vorið 2003 (Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2005), 2006 og 2007. Rauðbrystingurinn er nokkuð dreifður um Vatnsfjörðinn en yfir stuttan tíma eru um 1000 fuglar frá Hörgsnesi að fjarðarbotni.

Niðurstöður athuganna 1990 (Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson 1991) og 2003 (Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2005), 2006 og 2007 á rauðbrystingum, eru svipaðar fyrir Kjálkafjörð. Á milli 1000-2000 rauðbrystingar eru í fæðuöflun á innri hluta Kjálkafjarðar en fljúga síðan út fjörðinn þegar fer að flæða. Við Auðshaug á Hjarðarnesi fjölgar fugli þegar líður á aðfallið en ekki er hægt að sjá hvort þarna séu að koma fuglar frá Kjálkafirði, Vatnsfirði eða annars staðar frá.

Í Mjóa- og Kerlingarfirði voru samanlagt um 4000 rauðbrystingar vorin 2006 og 2007 (tafla 1) og voru flestir við Hjalley í Kerlingarfirði, bæði í fæðuöflun og hvíld. Innri hluti Mjóafjarðar er ekki mikilvægur fyrir rauðbrysting en tjaldur og æðarfugl eru áberandi á þeim hluta.

Kjálkafjörður er með meira en 1% af stofni rauðbrystinga sem fer um Ísland og eru flestir fuglarnir í innri hluta fjarðarins. Kerlingarfjörður og mynni Mjóafjarðar hafa meira en 1% af stofni rauðbrystings en innsti hluti Mjóafjarðar er þó lítið notaður. Vatnsfjörður hefur einnig meira en 1% (sjá Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1990; Guðmundur A. Guðmundsson o.fl. 1991) en svæðið innan Hörgsnes nær þó einungis um 0,5% að hámarki í talningum NV.

Firðirnir hafa allir alþjóðlegt gildi fyrir votlendisfugla samkvæmt Ramsar samningi en svæðin innan þeirra eru mis mikilvæg eins og áður hefur verið lýst.

Líklega var farið of seint 2006 til að telja rauðbrystinga í haustfari en miðað við talningar annars staðar á Vestfjörðum og við Reykjavík þá eru þessir firðir ekki eins mikilvægir fyrir rauðbrystinga síðsumars.

Firðirnir virðast ekki vera sérstaklega mikilvægir fyrir aðrar tegundir en rauðbrysting að vorlagi eða síðsumars.

Vegagerð

Uppbygging núverandi vegar í þessum fjörðum mun verða að mestu leyti á núverandi vegstæði með nokkrum undantekningum. Helstu breytingar sem koma til greina eru þveranir í Kjálka- og Kerlingarfirði (Mjóafirði).

Í athugunum NV 2003-2007 í Dýrafirði (brúaður 1991) og Önundarfirði (brúaður 1990) er ekki hægt að sjá að fuglum fyrir innan þverun hafi fækkað (Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2008) á milli ára og t.d. sáust 2200 rauðbrystingar á Lambadalseyri í Dýrafirði 1979 (Arnþór Garðarsson o.fl. 1980) og 2000 fuglar í Dýrafirði í maí 2003 (sjá töflu 1). Fleiri rauðbrystingar og sanderlur hafa sést í Önundarfirði á síðustu árum en fyrir þverun fjarðarins (Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2008). Áhrif þveranna í Mjóa- og Kjálkafirði verða því fyrst og fremst á leiruna sem vegstæðið fer yfir svo framarlega sem nægjanleg (full) vatnsskipti verða fyrir innan.

Í Kjálkafirði hélt rauðbrystingur sig aðallega fyrir innan Skiptá og hólmann og það sama má segja um aðra vaðfugla í firðinum. Verndargildi leirunnar er því hæst við og fyrir innan hólmann í Kjálkafirði. Þverun fjarðarins er vel fyrir utan Skiptá og með fullum vatnsskiptum verða áhrif þverunnar á rauðbrysting lítil og líklega engin.

Í Mjóafirði er lítið af rauðbrystingi í fæðuöflun en talsvert af honum á flóðsetri við Kofhólma, sem er við mynni Mjóafjarðar. Við Hjalley í Kerlingarfirði er hann bæði í fæðuöflun og hvíld. Út frá rauðbrystingi hefur leiran, drangar og sker við Hjalley og Kofhólma mesta verndargildið. Innri hluti Mjóafjarðar er lítið notaður af rauðbrystingi og helst er að sjá þarna æðarhópa og tjalda. Vegagerð í Mjóafirði mun hafa lítil sem engin áhrif á fæðuöflun rauðbrystinga í firðinum.

Þakkir

Starfsmönnum Náttúrustofu Vestfjarða, Guðrúnu Steingrímsdóttur og Petrínu F. Sigurðardóttur, er þakkað fyrir þeirra aðstoð.

HEIMILDASKRÁ

Arnþór Garðarsson, Ólafur Karl Nielsen og Agnar Ingólfsson. 1980. Rannsóknir á fjörum í Önundarfirði og víðar á Vestfjörðum 1979: Fuglar og fjörur. Fjölrit nr 12, Líffræðistofnun Háskólans.

Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson. 1991. Yfirlit um gildi einstakra fjörusvæða fyrir vaðfugla. Áfangaskýrsla.

Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. 2005. Fuglalíf í Gufudalssveit og nágrenni. Unnið fyrir Vegagerðina vegna mats á umhverfisáhrifum. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 06-05.

Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. 2008. Dýralíf í Önundarfirði og Dýrafirði: Fuglar. Áfangaskýrsla 5. Styrkt af rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar. Náttúrustofa Vestfjarða.

Guðmundur A. Guðmundsson, Áke Linström og Thomas Alestram. 1991. Optimal fat loads and long-distance flights by migrating Knot Calidris canutus, Sanderlings C. Alba and Turnstones Arenaria interpres. Ibis 133:140-152.

Jóhann Skaptason. 1959. Barðastrandarsýsla. Ferðafélag Íslands.

Ramsar Convention. 1971. Convention on Wetlands of international importance Especially as Waterfowls Habitat. Ramsar, Íran.

Náttúruverndarráð. 1996. Náttúruinjasgrá: skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruinjar. 7. útgáfa. Náttúruverndarráð.

Norræna Ráðherranefndin. 2006. Bjartari framtíð. 13 alþjóðasamningar um náttúru og menningarumhverfi. Temanord 2006:563.